

Verklagsreglur

vegna varanlegra útilistaverka í Seyðisfjarðarkaupstað.

Eftirfarandi verklagsreglur verða viðhafðar vegna umsókna um uppsetningu varanlegra útilistaverka í landi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Umsóknum sem berast til Seyðisfjarðarkaupstaðar verður vísað til Skaftfells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, til að fá ráðgefandi umsögn um verkið.

Með beiðninni til Skaftfells þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

1. Lýsing á verkinu, inntaki, efnivið og viðhaldi. Ef á við, rökstuðningur fyrir vali á staðsetningu.
2. Kostnaðaráætlun varðandi efni, uppsetningu, þóknun og viðhald.
3. Upplýsingar um fjármögnun, hvernig skal standa að henni og hvert skal sækja stuðning.

Skaftfell skal meta beiðnina út frá:

1. Listrænu inntaki, framsetningu, efnivið og uppsetningu.
2. Staðsetningu, út frá umhverfinu og nærliggjandi arkitektúr. Ef við á, sögu- og menningarlegu samhengi.
3. Kostnaði, viðhaldi og fjármögnun.

Að fenginni umsögn frá Skaftfelli fer umsóknin til afgreiðslu hjá kaupstaðnum í samræmi við reglur um stjórnarsýslu. Niðurstaðan verður kynnt höfundu og Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi.

Áður en Seyðisfjarðarkaupstaður þiggur varanlegt útilistaverk að gjöf þarf að komast á samningur milli höfundar og kaupstaðarins. Í samningnum komi a.m.k. fram ábyrgð á viðhaldi eigi það við, skýr ákvæði varðandi höfundarétt og hlutverk aðila í uppsetningu verksins ef um það er að ræða.

Eftir sem áður þarf höfundurinn að sækja um leyfi til umhverfisnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar að fengnu áliti fyrrgreindra aðila.

Samþykkt í bæjarstjórn 18. febrúar 2015.